

## GJALDSKRÁ byggingarfulltrúa Dalvíkurbyggðar.

### 1. gr.

Fyrir yfirferð og samþykkt aðaluppdráttu og fylgiskjala þeirra, sem gerðir eru vegna nýbyggings, viðbygginga og breytinga á eldri byggingum í umdæmi Dalvíkurbyggðar, skal byggingarfulltrúinn í Dalvíkurbyggð í umboði sveitarstjóra innheimta byggingarleyfisgjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

### 2. gr.

#### *Byggingarleyfisgjöld.*

Gjöldin miðast við eina yfirferð aðaluppdráttu. Innifalið er byggingarleyfi, útmæling innan byggingarreits, lögboðið byggingareftirlit, lögbundnar úttektir, fokheldisvottorð og vottorð um lokauttekt.

<i>Tegund byggingar</i>	<i>Afgreiðslugjald, kr.</i>	<i>Fermetragjald, kr.</i>
A Ibúðarhúsnæði, bílgeymslur og gistihús	80.000	200
B Stofnanir, verslunar- og þjónustuhús	80.000	100
C Frístundahús	60.000	200
D Gripahús, iðnaðarhús og sérbyggðar bílgeymslur	60.000	80
E Vélageymslur, gróðurhús og loðdýrahús	60.000	50
F Aðstöðuhús, geymslur, gestahús og sambærilegt	30.000	200

Vegna viðbyggingar við áður byggð hús skal greiða 30.000 kr. afgreiðslugjald og fermetragjald samkvæmt töflu um viðeigandi hús.

### 3. gr.

Fermetragjald samkvæmt 2. gr. skal reikna af brúttóflatarmáli, sbr. ákvæði ÍST 50, án svala og C rýma. Fermetra skal námunda í heilan fermetra samkvæmt almennum reiknireglum.

### 4. gr.

Byggingarfulltrúi annast innheimtu byggingarleyfisgjalda samkvæmt gjaldskrá þessari.

### 5. gr.

Gjalddagi lágmarksgjalds er áður en byggingarframkvæmdir hefjast. Gjalddagi fermetragjalds er áður en byggingarframkvæmdir hefjast. Byggingarfulltrúa er óheimil útgáfa byggingarleyfis, eða takmarkaðs byggingarleyfis, fyrr en byggingarleyfisgjald hefur verið greitt.

### 6. gr.

Byggingarleyfisgjald verður ekki endurgreitt falli byggingarleyfishafi frá notkun leyfisins eða það fellur úr gildi.

### 7. gr.

Fyrir þjónustu sem veitt er af hálfu byggingarfulltrúa í umdæmi Dalvíkurbyggðar, skal byggingarfulltrúinn í Dalvíkurbyggð í umboði sveitarstjóra innheimta þjónustugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

### 8. gr.

#### *Afgreiðslu- og þjónustugjöld.*

Fyrir ýmsa þjónustu sem byggingarfulltrúi veitir greiðast eftirfarandi gjöld:

Nr. 1263

17. desember 2013

<i>Nr. Tegund þjónustu</i>	<i>Gjald kr.</i>
1. Afgreiðslugjald, fast gjald á aðra liði en um getur í 2. og 8. gr. Gjaldið greiðist fyrir hverja einstaka afgreiðslu skipulags- og umhverfisnefndar	1.954
2. Stöðuleyfi, árgjald sem greiðist einu sinni á ári: a) Hjólhýsi o.p.h.	23.701
b) Gámar: Upp að 20 fetum að stærð	12.000
40 fet að stærð	24.000
3. Lóðarúthlutunargjald, óendurkræft þó lóðinni sé skilað til sveitarfélagsins	19.540
4. Yfirferð eignarskiptalýsingar pr. fastanúmer, hver umfjöllun	5.141
5. Umsögn vegna vínveitinga- og rekstrarleyfa	8.141
6. Fyrir húsaleiguúttekt	8.141
7. Fyrir úttekt á verkstöðu vegna lánveitingar	8.141
8. Útprentun á A3	100
9. Útprentun á A4	50
10. Nýr lóðarleigusammingur	40.709
11. Breytingar á lóðarblaði eða gerð nýs lóðarblaðs	16.000
12. Endurskoðun aðaluppdráttar	14.219
13. Minniháttar breytingar á innra skipulagi og últiti húsa	15.000
14. Framkvæmdaleyfi	26.881
15. Endurnýjun leyfis án breytinga	10.666
16. Meiriháttar breytingar á samþykktu deiliskipulagi aðkeypt vinna	Skv. reikningi
17. Veruleg eða óveruleg breyting á aðalskipulagi aðkeypt vinna	Skv. reikningi
18. Þinglýsing lóðarleigusamninga	Skv. reikningi

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskránni miðast við byggingarvísitölu, grunnur 2010, janúar 2013 (115,8 stig) sem uppreiknast í janúar ár hvert miðað við gildandi byggingarvísitölu.

10. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar með heimild í 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 ásamt 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjármámi, sbr. 3. mgr. 53. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010. Jafnframt fellur fyrri gjaldskrá byggingarfulltrúa Dalvíkurbyggðar, nr. 671/2013 úr gildi.

Samþykkt í umhverfisráði Dalvíkurbyggðar þann 11. desember 2013.

Samþykkt í sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar 17. desember 2013.

*Dalvíkurbyggð, 17. desember 2013.*

**Svanfríður Inga Jónasdóttir** sveitarstjóri.